

vakði. Ásgrímr mælti: „Hvart verður ekki svefnsamt of nætrnar?“ Kári kvað þá vísu:

15. Kemrat, Ullr, um alla,  
 álmsíma, mér grímu,  
 beðhliðar man ek beiði  
 bauga, svefn á augu,  
 síz brandviðir brenndu  
 þøðvar nausts á hausti,  
 ek em at mínu meini  
 minni, Níal inni.

Engra manna gat Kári jafnopt sem Njáls ok Skarpheðins.<sup>1</sup> Aldri ámælti hann óvinum sínum, ok aldri heitadisk hann við þá.

### CXXXIII. KAPÍTULI

Nú er þar til máls at taka at Svínafelli, at Flosi lét illa í svefni eina nótt. Glúmr Hildisson vakti hann, ok var lengi, áðr en hann vaknaði.<sup>2</sup> Flosi bað hann kalla Ketil ór Mørk. Ketill kom þangat. Flosi mælti: „Segja vil ek þér draum minn.“ „Þat má vel,“ segir Ketill. „Mik dreymði þat,“ segir Flosi, „at ek þóttumsk vera at Lómagnúpi ok ganga út ok sjá upp til gnúpsins.<sup>3</sup> Ok opnaðisk hann, ok gekk maðr út ór gnúpin-

15. vísu. Kemrat (a), álmsíma Ullr (b), svefn á augu mér um alla grímu (c), — ek man bauga beðhliðar beiði (d) —, síz þøðvar nausts brandviðir (e) brenndu Níal inni á hausti; ek em minni at mínu meini.

a) Ekki kemur. — b) *álm*- RK; *af*- M, Gr; *álmsíma*: bogastrengur; *Ullr* hans: mankenning. — c) Svo M, Gr; *allar grimur* X; *gríma*: nótt. — d) *beð*- X; *baug*- Y, Gr; — *beiði* Gr, O(M); *bænir* X; — *baugr* er á skildi; *bauga beð-hlið*: skjöldur; *beiðir* hans:

mannkenning (sjálfsagt Njáll). — e) *þøðvar* (orustu) *naust*: skjöldur eða skjaldborg; *brandr* (eldur) *þøðvar nausts*: sverð; *viðr þess*: hermaður.

Mér kemur ekki svefn á auga alla nóttina, — ég minnst mannsins, — síðan hermennirnir brenndu Njál inni í haust; mér líður ekki úr minni harmefni mitt.

<sup>1</sup> ok *Bergþóru ok Helga* b. v. í Y, Gr.

<sup>2</sup> *vaknaði* Y, Gr; *gæti vakit hann* X.

<sup>3</sup> Smá-orðamunur er hér í skinnbókunum, en allar gera þær ráð fyrir,